

Nr. 19/1895:

Skapti Jósefsson  
gegn  
Júlfusi Havsteen.

## D ó m u r:

Mál þetta höfðaði í hjeraði samkvæmt skipun landshöfðingja og að fenginni gjafsókn, amtmaður Júlfusi Havsteen gegn ritstjóra og ábyrgðarmanni blaðsins »Austra« Skapta Jósefssyni út af ærumeiðingum í grein nokkurri með inngangsorðunum: »Meistara Eiríks Magnússonarmálið« í 29. tölublaði blaðs þessa, er út kom 28. okt. 1892, og var málið dæmt í aukarjetti Norður-Múlasýslu hinn 21. ágústmán. f. á., þannig, að áfrýjandinn var með tilvísun til 218. sbr. 217. gr. almennra hegningarlaga dæmdur í 80 kr. sekt til landssjóðs eða til vara í 24 daga einfalt fangelsi, svo var og fyrþjed blaðgrein dæmd dauð og ómerk í heild sinni og áfrýjandinn dæmdur til að greiða allan af málinu leiðandi kostnað, eins og það væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin málflytningu- og tilvísun til hins skipaða málsfærslumanns stefnda, sýsluskrifara Jóns Runólfssonar, 20 krónur.

Dómi þessum var fyrst skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 9. nóv. f. á., en málinu var þá frá vísað með dómi yfirdómsins 25. marz þ. á., og er því nú í annað sinn áfrýjað með stefnu, dags. 22. apríl þ. á. Áfrýjandi hefur krafizt þess fyrir yfirdóminum, að hinn áfrýjaði dómur verði dæmdur ómerkur og málinu vísað frá undirdómi, en *til vara*, að dómurinn verði úr gildi felldur og áfrýj-

andi algjörlega sýknaður eða sektin lækkuð, og loks að umboðsmaður stefnda fyrir undirdóminum, sýsluskrifari Jón Runólfsson, verði dæmdur í sektir fyrir, að hafa flutt þetta mál fyrir rjetti hjá yfirboðurum sínum og að orðin í sóknarskjali hans fyrir undirdóminum »strákskaparblær«, »hvefsni« og »flapur« verði dæmd dauð og ómerk og hann sektaður fyrir þau. Þá krefst áfrýjandi og málskostnaðar hjá stefnda með nægilegri upphæð. Hinn stefndi hefur gjört þá rjettarkröfu, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur að öllu leyti og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan málskostnað svo sem málið væri eigi flutt með gjafvörn, þar með talin hæfileg málsfærslulaun til hins skipaða talsmanns hans fyrir yfirdómi.

Það er eigi ástæða til að dæma undirdóminn ómerkan eða vísa málinu frá undirrjettinum fyrir þá sök, þótt umboðsmaður sækjanda þar (stefnda) eða hinn skipaði talsmaður hans væri skrifari bæði hjá sýslumanni þeim, er fyrst fór með málið, og þeim, er síðar dæmdi það, og þar sem tilskipun 8. jan. 1802, er leggur bann við því, að skrifarar dómara flytji mál fyrir rjetti hjá yfirboðurum sínum, eigi var gefin fyrir Ísland upphaflega, nje hefur síðan verið lögleidd hjer á landi, enda hefur eigi verið birt hjer — en áfrýjandi hefur vitnað til tilskipunar þessarar — þá verður tjeður talsmaður stefnda heldur eigi dæmdur í sekt fyrir greindan málf lutning sinn. Eigi verður heldur tekin til greina ómerkingarkrafa áfrýjanda, að því leyti hún byggist á því, að dómkrafa stefnda fyrir

undirdóminum hafi verið of óákveðin eða almenn, því að hann þurfti eigi að taka beint fram í stefnunni eða sókn sinni, hver einstök orð eða setningar hann áleti meiðandi fyrir sig, úr því að grein sú, er hann byggði á málssókn sína og sem hann áleit í heild sinni og í hverjum einstökum lið meiðandi og óvirðandi fyrir sig, var nægilega auðkennd.

Að því er aðalefni málsins snertir eða hina umstefndu grein í blaðinu »Austra«, sem byrjar með ordunum: »Meistara Eiríks Magnússonar málið er nú víst að lognhattast út af við lítinn orðstýr«, þá miðar greinin að því að gjöra lítið úr sakamálsrannsókn nokkurri, er stefndi hafði sem amtmaður látið hefja og halda fram, og er í greininni gefið í skyn, að rannsókn þessi hafi verið mjög svo óþörf og ekki til annars en kostnaðar fyrir landið, og segir meðal annars í greininni, »að nú með síðustu skipum frá útlöndum er oss skrifað, að sá röggсамlegi amtmaður Júlíus Havsteen, sem er frumkvöðull þessarar löngu rannsóknar og á með rjettu allan heidurinn af henni, — hafi fengið ofanígjöf frá hinu íslenzka ráðaneyti fyrir alla frammistöðuna í málinu og verið skipað að láta hætta við það. Vjer viljum ekki ábyrgjast að svo sje, en þetta kemur alveg heim við það« o. s. frv. Þessi frásögn um ofanígjöf, er amtmaðurinn hafi átt að fá frá ráðaneytinu, er nú að vísu röng eptir því sem upplýst er í málinu af stefnda hálfu, en samt sem áður verður áfrýjandinn ekki látinn sæta ábyrgð fyrir hana, með því

að hún getur eigi talizt saknæm ærumeiðing, og þar sem hin átalda grein heldur eigi að öðru leyti getur álitizt ærumeiðandi að lögum fyrir stefnda, ber að dæma áfrýjandann sýknan af kærum stefnda í þessu tilliti. Kröfu áfrýjanda um ómerking nokkurra orða í sóknarskjölum umboðsmanns sækjanda í undirrettinum þykir eigi næg ástæða til að taka til greina. Málskostnaður fyrir báðum rjettum þykir eptir atvikum rjett að falli niður, og verður hinum skipaða málflutningsmanni stefnda fyrir yfirdómi eptir úrslitum málsins eigi dæmd nein málflutningslaun. Það vottast, að því leyti málið hefur verið gjafsóknarmál, að málsfærslan hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn, ritstjóri Skapti Jóseppson, á fyrir kæru stefnda, amtmanns Júlíusar Havsteen, í þessu máli sýkn að vera. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Nr. 54/1894:

Árni prestur Jónsson  
gegn

Sigurði Sigurjónssyni og  
Bóthildi Hansdóttur.

Dómur:

Landamerkjамál þetta er í hjeraði höfðað af eigendum Geirastada gegn prestinum Árna Jónssyni, sem hefur kirkjujörðina Vindbelg að ljeni